

Bæjarráð Kópavogs
Orri Vignir Hlökkversson, formaður
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogi 2. júní 2023

Erindi: Ósk um fjárhagsstuðning við rekstur atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp

Vísað er til erindis frá Markaðsstofu Kópavogs dagsettu 27. febrúar sl. þar sem stjórn Markaðsstofunnar óskaði eftir tillögum frá Bæjarráði Kópavogs um hvernig loka megi Markaðsstofu Kópavogs sómasamlega, þannig að tekið verði fullt tillit til þeirra skuldbindinga sem á félaginu hvíla og halda starfsemi atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp áfram á kennitölu Markaðsstofunnar.

Stjórn Markaðsstofunnar hefur frá því að ákvörðun bærarstjóra um að skera niður fjárframlag til MK, var kynnt, lagt alla áherslu á að bjarga SKÓP hluta rekstrarins. Unnið hefur verið markvisst að því að loka verkefnum Markaðsstofunnar og leitað leiða til að tryggja grunn undir sjálfstæða starfsemi Skóp.

Nú liggur fyrir að rekstrarkostnaður Skóp mun lækka verulega upp úr miðju ári 2023. Samkomulag hefur náðst við leigusala húsnæðis að Hlíðasmára 10 um verulega lækkun á húsaleigu (lækkun um 3,0 m.kr. á samningstíma), starfshlutfall starfsmanns verður lækkað í 25% hlutastarf og ýmiss annar rekstrarkostnaður hefur verið lækkaður.

Markmið með endurskipulagningu á rekstri Skóp er að gera setrið sjálfbært og óháð stuðningi frá Kópavogsbæ frá og með árslokum 2024. Til að það markmið náist er óskað eftir fjárstuðningi að upphæð 3,0 m.kr. á síðari hluta ársins 2023 og 5,0 m.kr. á árinu 2024. Meðfylgjandi í viðhengi eru rekstraráætlanir fyrir tímabilið júlí-desember 2023 og janúar-desember 2024.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1 - Rekstraráætlun júlí 2023 til desember 2024

Virðingarfyllt,
f.h. Markaðsstofu Kópavogs

Björn Jónsson, framkvæmdastjóri